

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 331. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 19. mars 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 19. febrúar 2020.
- 2) Fundargerð 879. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2020.
- 3) Bréf frá Drífu Skúladóttur, dags. 1. mars 2020, varðandi Sandara- og Rifsaragleði 2020.
- 4) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 4. mars 2020, varðandi staðfestingu á breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.
- 5) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 12. mars 2020, varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul.
- 6) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 16. mars 2020, varðandi tillögu að mörkum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
- 7) Ráðning íprótta- og æskulýðsfulltrúa.
- 8) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 17. mars 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Miðvikudagur 19 Febrúar 2020 kl: 20:30

Mættir voru: Stefanía, Ísabella, Minela, Björg Eva, Anel, Kristófer,
Margrét

Við byrjuðum fyrsta fund ársins á því að tala um Jólabingóið sem heppnaðist gríðarlega vel og var vel mætt. Einnig fórum við að tala um komandi tíma, hvað við vildum gera í vor og í sumar. Hugmyndirnar sem komu upp voru misgóðar og ætlum við að reyna að gera einhvað skemmtilegt á næstunni.

Félagar ungmennaráðsins lásu einnig yfir hugmyndir um siðareglur sem formaðurinn bjó til.

Einnig töluðum við um fyrirlesturinn Fávitar sem Sólborg Guðbrandsdóttir hélt fyrir 8-10 bekk en við fengum hana til að fræða krakkana um Instagram síðuna Fávitar sem er átak gegn stafrænu og annars konar kynferðsofbeldi.

Stefanía sagði okkur einnig frá fundi sem hún fór á í Borgarnesi en þar var verið að stofna Ungmennaráð Vesturlands og situr Stefanía í stjórn ungmennaráðsins og er hún ritari.

Fundur slitin 21:45

Ísabella Una ritari

Fundargerð 879. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 28. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Ásgerður Kristín Gylfadóttir tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 878. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 878. fundar stjórnar sambandsins frá 31. janúar 2020.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Ársreikningur Samband íslenskra sveitarfélaga 2019 - 1911102SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019, sbr. 2. tölulið fundargerðar 878. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 28. febrúar 2020, og áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir kom inn á fundinn kl. 12:25.

3. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2019 - 1912008SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019, sbr. 3. tölulið fundargerðar 878. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 28. febrúar 2020 og áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

4. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram til kynningar sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. febrúar 2020, um stöðu kjaramála í febrúar 2020.

Inga Rún Ólafsdóttir fór af fundi kl. 13:25.

5. Félagspjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram fundargerð 47. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 5. febrúar 2020.

Stjórn sambandsins skorar á ríkisstjórnina að tryggja fjármögnun NPA samninga árið 2020 og að séð verði til þess að ekki einungis samningar sem eru nú þegar í gildi verði fjármagnaðir heldur einnig að gert verði ráð fyrir nýliðun á árinu, í samræmi við ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2019-2023.

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn kl. 13:40.

6. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 124. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 5. febrúar 2020.

7. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 39. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 25. febrúar 2020. Einnig lagt fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um stöðu helstu verkefna - samantekt fyrir 39. fund skipulagsmálanefndar.

Stjórn sambandsins ítrekar mikilvægi þess að gjöld sem sveitarfélög greiða til Þjóðskrár skv. gjaldskrá skili sér til stofnunarinnar til að standa undir þeirri þjónustu er sveitarfélög greiða fyrir, sem er rekstur Fasteignaskrár.

8. Fundir Jónsmessunefndar - 2001057SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 24. febrúar 2020, ásamt fylgiskjali, dags. 19. febrúar 2020, vegna 2. liðar fundargerðarinnar.

Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu helstu atriði í væntanlegu samkomulagi sambandsins, sveitarstjórnarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, sem gert er á grundvelli laga um opinber fjármál. Jónsmessunefnd mun ganga frá samkomulaginu og formaður og framkvæmdastjóri undirrita það með fyrirvara um staðfestingu stjórnar sambandsins, en samkomulagið verður lagt fram á næsta reglulega fundi stjórnarinnar sem haldinn verður 27. mars 2020.

9. Yfirlit verkfallsboðana - 2002037SA

Lagt fram til kynningar yfirlit verkfallsboðana fyrir mars 2020.

Kristján Þór Magnússon fór af fundi kl. 14:40.

10. Dagskrá landsþingsins 2020 - 1910004SA

Lögð fram dagskrá XXXV. landsþings sambandsins sem haldið verður á Grand hóteli í Reykjavík 26. mars 2020. Einnig lagt fram vinnuskjal starfshóps um endurskoðun samþykktar sambandsins og breytingartillaga Tómasar Ellerts Tómassonar og Vigdísar Hauksdóttur sveitarstjórnarfulltrúa Miðflokksins, að lýðræðisumbótum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir XXXV. landsþing 26. mars 2020. Gögn þessi verða send landsþingsfulltrúum á stafrænu formi.

Haraldur Sverrisson fór af fundi kl. 14:45.

11. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fasteignaskatta - 1909026SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 19. febrúar 2020, um framlög jöfnunarsjóðs vegna fasteignaskatta.

Svohljóðandi bókun samþykkt samhljóða:

Svohljóðandi bókun samþykkt samhljóða:

Minnisblaðið um fasteignaframlag Jöfnunarsjóð sveitarfélaga dregur vel fram hversu ógegnsætt og flókið regluverk sjóðsins er. Stjórn sambandsins telur afar mikilvægt að uppstokkun verði gerð á þessu regluverki í tengslum við heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sem boðuð er í nýsamþykktari þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Eyþór Laxdal Arnalds fór af fundi kl. 15:00.

12. Tilnefning í sérfræðingahóp um framkvæmd og þróun samræmdra prófa í grunnskólum - 2002002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2020, þar sem Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar, er tilnefndur sem aðalmaður í sérfræðingahóp um framkvæmd og þróun samræmdra prófa í grunnskólum, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði, til vara.

13. Tilnefning í samstarfshóp um endurskoðun stefnu og aðgerðaráætlunar á sviði nýsköpunar og tækni á sviði félagsþjónustu - 2002027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2020, þar sem Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í samstarfshóp um endurskoðun stefnu og aðgerðaráætlunar á sviði nýsköpunar og tækni á sviði félagsþjónustu.

14. Tilnefning í viðræðuhóp vegna breytts fyrirkomulags talmeinaþjónustu við skólabörn - 1901064SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2020, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem fulltrúi sambandsins í viðræðuhóp vegna breytts fyrirkomulags talmeinaþjónustu við skólabörn.

15. Endurtilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 1810070SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2020, þar sem Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og Arnar Helgi Lárusson, formaður SEM samtakanna, eru tilnefnd í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

16. Tilnefning í samráðshóp um eftirfylgni nýrrar stefnu í íþróttamálum - 2002018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2020, þar sem Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeildar Sveitarfélagsins Árborgar, er tilnefndur sem aðalmaður í samráðshóp um eftirfylgni nýrrar stefnu í íþróttamálum, og Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundarfulltrúi Hveragerðisbæjar, til vara.

17. Tilnefning í ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála - 2002031SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Ferðamálastofu, dags. 25. febrúar 2020, þar sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), er tilnefnd í ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

18. Tillaga um fulltrúa í málnefnd um íslenskt táknmál - 2002017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2020, um tillögu sambandsins um fulltrúa í málnefnd um íslenskt táknmál.

19. Umsögn um frumvarp til laga um loftslagsmál - hlutverk loftslagsráðs - 2001056SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2020, um frumvarp til laga um loftslagsmál (hlutverk loftslagsráð), 467. mál.

20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 2001076SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2020, um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum - óbyggt víðerni - 2002012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum (óbyggt víðerni), mál nr. 18/2020.

22. Umsögn um frumvarp til laga um Orkusjóð - 2002011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2020, um drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð, nr. 15/2020.

23. Umsögn um drög að lýsingu á landgræðsluáætlun - 2001069SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2020, um drög að lýsingu á landgræðsluáætlun, mál nr. 12/2020.

24. Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025 - 2002023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 16. febrúar 2020, um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, mál nr. 25/2020.

Framkvæmdastjóri vakti athygli á að í drögum að tillögunni er lagt til að ráðinn verði starfsmaður hjá sambandinu til að sinna forvarnarstarfi í samræmi við tillöguna. Hann taldi rétt að skoða þetta starf sem sérstakt tímabundið verkefnisstjórnarstarf sem staðsett yrði utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við lið B.7. í gildandi byggðáætlun, um störf án staðsetningar, og tölulíð 11. í nýsamþykktri þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019?2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019?2023, sem fjallar um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Rétt væri að skoða að auglýsa þetta starf þannig að staðsetning þess yrði ákveðin í samvinnu við landhlutasamtök sveitarfélaga og/eða skólaskrifstofur utan höfuðborgarsvæðisins.

25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda - 2001058SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. febrúar 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 457. mál.

26. Umsögn um opinber innkaup - stöðumat og valkostir - 2001062SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. febrúar 2020, um stöðumat og valkosti í opinberum innkaupum, mál nr. 14/2020.

27. Umsögn um frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga - 2002009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2020, um frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. 29/2020.

28. Bókun bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar um uppbyggingu ofanflóðavarna - 1905022SA

Lögð fram til kynningar bókun bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 19. febrúar 2020, þar sem tekið er undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. janúar 2020, um uppbyggingu ofanflóðavarna.

29. Uppgjör staðgreiðslu 2019 - 2002022SA

Lagt fram til kynningar skjal með upplýsingum um staðgreiðslu einstakra sveitarfélaga.

30. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019 - 2001045SA

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019.

31. Samstarf um EES-mál við umhverfis- og auðlindaráðuneyti - 1511062SA

Lögð fram til kynningar samantekt samkvæmt 2. gr. samnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 29. júní 2018, dags. 1. janúar 2020.

Fundi var slitið kl. 15:10

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eypór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Snæfellsbæ, 1.4.2020

Snæfellsbær

Klettsbúð

Fyrir hönd Sandra og Rifsaragleði 2020 sæki ég hér með um sömu fyrirgreiðslu og við höfum áður fengið þegar Sandara og Rifsaragleðin hefur verið haldin.

Stefnt er að því að halda Sandragleði í sumar 10-12. júlí.

Sandara og Rifsaragleðin verður með svipuðu sniði og venjulega.

Varðandi félagsheimilið Röst sem við höfum m.a. haft til ráðstöfunar þá væri gott að það væri frágengið við húsvörð hússins.

Ef að vilji er fyrir því þá erum við tilbúin að koma að undirbúningi bæjarfélagsins fyrir þessa helgi, eins og undanfarin ár.

Virðingarfyllst,

F.h. Sandara og Rifsaragleði 2020

Drífa Skúladóttir



Snæfellsbær
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími:5458200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. mars 2020
Tilv.: SRN20020035/4.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar sbr. erindi yðar dags.11. febrúar 2020. Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda ásamt með viðaukum.

Þá er vakin athygli á að reikningur vegna birtingar samþykktarinnar í B-deild Stjórnartíðinda verður sendur sveitarfélaginu frá Fjársýslu ríkisins þar sem milligöngu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um greiðslu reikninga vegna birtinga hefur verið hætt.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um sjóna Snæfellsbæjar.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar nr. 611/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:


- a. *Umhverfis- og skipulagsnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998, með umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Loks fer nefndin með umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja deiliskipulagstillögur sem fá ekki athugasemdir á auglýsingatíma og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila séu ekki þess eðlis að breyta þurfi deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja grenndarkynningar þar sem deiliskipulag er fyrir hendi, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að ákveða nafngiftir á hverfum, götum og torgum.
Umhverfis- og skipulagsnefnd skal taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdir í C flokki skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- b. *Velferðarnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008, málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréf sem henni er sett.
- c. Við B-hluta samþykktarinnar bætist 12. Tölulíður sem verður svohljóðandi:
Öldungaráð: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af bæjarstjórn. Jafnframt sitja í nefndinni 2 aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Fulltrúi Félags- og skólajónustu Snæfellinga situr fundi ráðsins og er starfsmaður þess. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni er varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum). Nefndin fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 131/2011, staðfestist og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 4. mars 2020.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Snæfellsbær
kristinn@snb.is

Reykjavík, 12. mars 2020
UST202002-030/G.G.
09.04.03

Efni: Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var friðlýstur árið 2001 skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 568/2001.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Umhverfisstofnun hefur nú hafið undirbúning að endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul en eldri áætlun tók gildi árið 2010. Stjórnunar- og verndaráætlun er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana, undir heitinu *Stjórnun friðlýstra náttúruminja í umsjón Umhverfisstofnunar*, sem hafðar verða til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Leiðbeiningarnar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlanna eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Þar sem mjög margir hafa hagsmuna að gæta í tengslum við þjóðgarðinn er gert ráð fyrir að fulltrúar í samstarfshópnum komi víðar að.


Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að Snæfellsbær tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar. Að auki er óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp frá Minjastofnun Íslands, Ferðamálasamtökum Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands.

Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.


Nánari upplýsingar gefa Guðbjörg Gunnarsdóttir og Jón Björnsson í síma 591 2000 eða í gegnum netföngin: gudbjorg@umhverfisstofnun.is og jonb@umhverfisstofnun.is.

Vinsamlegast sendið tilnefningu til Umhverfisstofnunar í síðasta lagi 20. mars 2020 á netfangið gudbjorg@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllt,



Guðbjörg Gunnarsdóttir
sérfræðingur



Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Kristinn Jónasson

From: Eva B. Sólan Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
Sent: mánudagur, 16. mars 2020 09:23
To: Kristinn Jónasson
Subject: Snæfellsjökull þjóðgarður - tillaga að mörkum
Attachments: Snæfellsjökull þjóðgarður tillaga að mörkum.jpg

Sæll Kristinn,
umhverfis-og auðlindaráðuneytið hefur nú tekið undir afstöðu Umhverfisstofnunar um að samþykkja þá tillögu að nýjum mörkum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem sýnd er á meðfylgjandi mynd. Gert er ráð fyrir að línan fari úr punkti 1 og beint í Búrfell, norðan við Dýjadalsvatn (eins og bláa línan sýnir).
Getur þú skilað afstöðu sveitarfélagsins til þessarar tillögu, útfrá hjál. mynd? Eða þarf eitthvað meira til?

Bkv. Eva


Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólan Hannesdóttir
Lögfræðingur / Lawyer
Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

UM TÖLVUPÓSTINN / DISCLAIMER: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



Land Snæfells milli Ingjaldshóllar og Gufuskálar í eigu Ríkissjóðs Íslands

	x	y
1	268322,0000	491111,0000
2	270186,0500	491111,0000
3	270583,3900	491111,0000
4	270911,0000	491111,0000